



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

## ***Umsögn um 402. mál um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra***

Með tölvupósti, dags. 28. nóvember 2023 óskaði nefnda- og greiningarsvið Alþingis eftir umsögn um 402. mál um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra.

### **Skólamáltíðir og ávinningar**

Skólamáltíðir gegna mikilvægu hlutverki meðal annars við þroska og vellíðan barna. Skólamáltíðir veita börnum stóran hluta af þeim nauðsynlegu næringarefnum sem þau þurfa fyrir eðlilegan vöxt, heilaproska og almennt heilbrigði. Þær eru oft verulegur hluti af daglegum orku- og næringarþörfum barna. Góð næring barna hefur tengsl við bætta einbeitingu, hugræna starfsemi og frammistöðu. Börn sem hafa aðgang að næringarríkum máltíðum í skóla eru þannig líklegri til að taka virkan þátt í námi sínu. Það að borða máltíðir með jafnöldrum í skóla getur eflt félagsfærni, hvatt til heilbrigðra matarvenja og stuðlað að samkennd og vellíðan.

Í sumum tilvikum geta skólamáltíðir hjálpað til við að auka aðgengi að mat, þá sérstaklega hjá börnum úr tekjulágum fjölskyldum. Með þeim er því oft hægt að tryggja að öll börn hafi tækifæri til að fá næringarríkar máltíðir óháð bakgrunni þeirra. Enda getur reglulegur aðgangur að næringarríkum máltíðum lagt undirstöðu að heilbrigðum matarvenjum til lífstíðar auk þess að draga úr áhættu á langvinnum sjúkdómum eins og offitu, sykursýki og hjartasjúkdómum.

### **Gjaldfrjálsar skólamáltíðir á Norðurlöndunum**

Framboð á heilnæmum og næringarríkum skólamáltíðum er mál sem varðar almennt heilbrigði og lýðheilsu, en ekki aðeins framboð á þjónustu. Því það að veita jafnt aðgengi að næringarríkum máltíðum er mikilvægt til að jafna stöðu allra og er lykilatriði fyrir langtímaheilsu og vellíðan.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar varðandi gjaldfrjálsar skólamáltíðir á Norðurlöndunum. Sem dæmi var í Svíþjóð gerð tilraun til að bjóða upp á gjaldfrjálsar næringarríkar skólamáltíðir fyrir öll grunnskólabörn. Niðurstöðurnar bentu til þess að þau börn sem tóku þátt öll sín grunnskólaár virtust verða tekjuhærri á fullorðinsárum, þá samt hlutfallslega flest börn frá fátækari heimilum. En þessar máltíðir fylgdu aftur á móti ströngum næringarviðmiðum. Svíþjóðarverkefnið sýndi líka fram á að börn sem tóku þátt urðu marktækt hávaxnari, sem bendir til bættrar næringar. Rannsóknin virtist einnig hafa jákvæð áhrif á lengd skóla- og háskólapátttöku. Þó ekki sæist breyting á mætingu í skólanum, benti rannsóknin þó til bættrar getu nemenda til að meðtaka námsefni.

Önnur rannsókn í Noregi sýndi að það að veita ókeypis næringarríka skólamáltíð í eitt ár leiddi til meiri neyslu á grænmeti í samlokum, án annarra marktækra breytinga á öðrum matarvenjum.



Í Danmörku leiddi framboð á ókeypis skólamáltíð til meiri matarsóunar miðað við þegar börnin komu með nesti að heiman, sem undirstrikar mikilvægi þess að skipuleggja bæði máltíðir og nýtingu á afgangum vel.

Norrænar rannsóknir á ókeypis skólamáltíðum hafa því sýnt misvísandi niðurstöður. Þó sumar bendi til jákvæðra fæðuáhrifa, sýndu aðrar aukna þyngd eða mittisummál.

Þrátt fyrir aukinn skilning á því að skólamáltíðir séu mikilvægur hluti af heilbrigði og jöfnuði, eru þó enn verulegar áskoranir sem fylgja því að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Þar má meðal annars nefna kostnað og mismun á framkvæmd á milli sveitarfélaga. Frekari rannsóknir og tilraunaverkefni þyrftu helst að eiga sér stað til að ryðja brautina fyrir hugsanlegum framtíðarframkvæmdum.

### Sérúrræði

Af ofangreindum niðurstöðum mætti ætla að þau börn sem myndu hljóta mestan ávinning af því að fá gjaldfrjálsar skólamáltíðir væru þau sem eru hluti af tekjulágum fjölskyldum. Mögulega væri það því jákvæð breyting ef þessum börnum stæðu til boða gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

### Kostnaður

Svo virðist vera að kostnaðarmat hafi ekki átt sér stað varðandi þessa tillögu.

#### **„29. gr. Kostnaðarmat.**

*Ef fyrirjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að sjórnsvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu sjórnsvalda ríkisins muni hafa iðrhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á iðrhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.*

*Þegar mat á iðrhagslegum áhrifum tillögu að lagafrumvarpi, tillögu að sjórnsvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana, sbr. 1. mgr., liggur fyrir skal það þá þegar lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.*

*Mat á iðrhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en frumvarp er afgreitt úr ríkissjórn til framlagningar á Alþingi eða áformuð sjórnsvaldsfyrirmæli eða aðrar aðgerðir af hálfu sjórnsvalda eru endanlega ákveðnar.*

*Verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats á lagafrumvarpi skal gerð sérstök grein fyrir því í kostnaðarumsögn sem skal fylgja frumvarpi þegar það er lagt fyrir Alþingi. Verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats tillögu að sjórnsvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu sjórnsvalda ríkisins skal niðurstaða um það koma fram í endanlegu kostnaðarmati þeirrar ákvörðunar, sbr. 3. mgr.*

*Ráðuneyti sveitarsjórnarmála skal árlega taka saman yfirlit um kostnaðarmat samkvæmt þessari grein, þar á meðal um ágreining um slíkt mat. Formlegar viðræður skulu fara fram um yfirlitið og niðurstöður þess í samstarfsráði skv. 128. gr.“*

Í töflu 1 er samantekt um áætlaðan kostnað borgarinnar við skólamáltíðir fyrir árið 2023 og í töflu 2 má sjá þær upphæðir sem foreldrar greiða.

Hafa ber í huga að við mat á kostnaði að starfsstaðir borgarinnar fara mismunandi leiðir þ.e. eldað á staðnum, aðkeypt og blöndun af þessum leiðum. Sú leið sem stjórnendur velja við að bjóða fram máltíðir byggir oft á því hver aðstaða og mönnun er á hverjum stað og því ekki sjálfgefið að allir geti valið sömu leið. Það hefur verið aukning í því að matur sé keyptur frá stórum eldhúsum sem bjóða upp á að afhenda skólum og leikskólum máltíðir sem eru tilbúnar eða að mestu tilbúnar. Ástæða þess er m.a. að á mörgum stöðum er aðstaða slæm til að elda frá grunni og kostnaður við endurbætur væri mikill til að að uppfylla allar kröfur.

Mikil krafa er um að gæta aðhalds í rekstri mótuneyta og leita leiða til að halda kostnaði innan fjárheimilda.



Tafla 1

M.kr. á ári	Hráefni	Eldun	Samtals kostnaður
Grunnskólar	1.182	591	1.773
Leikskólar	765	735	1.500
<b>Samtals</b>	<b>1.947</b>	<b>1.326</b>	<b>3.273</b>

Fjárhæðir á ári í m.kr

Tafla 2

Það sem foreldrar greiða m.kr.	
Grunnskólar	1.369
Leikskólar	781
<b>Samtals</b>	<b>2.149</b>

Mikill vilji er til þess að bjóða upp á næringarríkar og hollar máltíðir sem börn og unglingar geta notið í skólanum en óljóst er hvort gjaldfrjálsar skólamáltíðir séu besta leiðin. Þær stuðla vissulega að jöfnuði en tryggja ekki endilega gæði. Í tillögunni er ekki vikið að því hvernig á að fjármagna gjaldfrjálsar skólamáltíðir en ljóst er að aðgerð á borð við þessa er mjög kostnaðarsöm, sama hvaðan fjármagnið kemur.

Virðingarfyllt,

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs